

## USK Skipulag

---

**Frá:** Landsskipulag <Landsskipulag@skipulag.is>  
**Sent:** föstudagur, 13. nóvember 2020 14:45  
**Til:** Landsskipulag  
**Efni:** Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillöggunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Tillagan er aðgengileg á vef landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is), og á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is), og hana má einnig nálgast hér að neðan. Gögnin liggja jafnframt frammi til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík.

Kynningarfundur um tillöguna verður haldinn á vefnum **fimmtudaginn 19. nóvember nk. kl. 14-16**. Fundinum verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar og er ekki þörf á að skrá sig til að fylgjast með streyminu.

Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun er **til og með 8. janúar 2021**.

Athugasemdum skal skilað bréflaga til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á netfangið [landsskipulag@skipulag.is](mailto:landsskipulag@skipulag.is) eða um athugasemdagátt á vef landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

Með kveðju,

---

Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## USK Skipulag

---

**Frá:** Landsskipulag <Landsskipulag@skipulag.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 18. nóvember 2020 11:44  
**Til:** Landsskipulag  
**Efni:** Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 – breytt tillaga til kynningar

Vísað er til tölvupósts sem sendur var 13. nóvember sl. þar sem Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt umhverfismati.

Vakin er athygli á því að nýtt skjal hefur verið sett á vefinn með breyttri tillögu. Breytingin felst í því að efni kafla 6.3 *Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag* hefur að svo stöddu verið felld brott, ásamt samsvarandi umfjöllun í umhverfismati. Það er gert vegna áforma um breytingar á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) sem eru í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sem haft geta áhrif á efni og útfærslu þessa kafla.

Skjalið með breyttri tillögu má nálgast [hér](#). Tillagan er jafnframt aðgengileg á vef landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is), og á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Kynningarfundur um tillöguna verður haldinn á vefnum á morgun, **fimmtudaginn 19. nóvember kl. 14-16**. Fundinum verður streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar og er ekki þörf á að skrá sig til að fylgjast með streyminu.

Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun er **til og með 8. janúar 2021**.

Athugasemdum skal skilað bréflega til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á netfangið [landsskipulag@skipulag.is](mailto:landsskipulag@skipulag.is) eða um athugasemdagátt á vef landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

Með kveðju,

---

Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2021

### Varðar drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026

Reykjavíkurborg hefur yfirfarið drög að tillögu Skipulagsstofnunar um viðbætur við landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í viðaukanum er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Umsögnin þessi mun stikla á stóru- koma að athugasemdir á síðari stigum þegar viðaukinn fer fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Varðar loftlagsmiðað skipulag í kafla 4 og 5 í viðauka með landsskipulagsstefnu.

Reykjavíkurborg vill koma á framfæri ánægju með þá vinnu sem hefur verið lögð í þennan kafla um loflagsmiðað skipulag. Mjög flott skýringarmyndin á bls. 14 - kökuritið yfir minni losun - meiri binding og aðlögun að loftslagsbreytingunum og dæmin þar undir.

Spurning er hvernig almennt verði með öll þessi atriði sem sveitarfélög eiga að hafa yfirsýn yfir og taka tillit til þar sem það er margt sem krefst úttekta/rannsókna sem sveitarfélög eru ekki alltaf í stakk búin til að framkvæma t.d. greining áskorana á afleiðingum loftslagsbreytinga. Hvernig verður komið til móts við þau sveitarfélög?

Við samþættingu loftslagsmála þarf að horfa til þess að aðgerðir vinni ekki gegn öðrum mikilvægum samfélags- og umhverfislegum þáttum t.d. gæði byggðar, verndun náttúru, þjónustu vistkerfa, félagslegu réttlæti o.fl. heldur styrki hvort annað.

4.13 Gagnagátt og kortavefsjá. Virðist eins og eingöngu sé gert ráð fyrir kortavefsjá útaf haf- og strandsvæðum. Mikilvægt að það sé til staðar landupplýsingakort almennt og kort yfir svæði sem eru viðkvæm fyrir áhrifum loftslagsbreytinga

4.3.2. Aðlögun að loftslagsbreytingum þarf viðtækari skilgreiningu en strandsvæði. Gott væri að tengja það við tékklista atriði sem tengjast náttúruvá (hækkun sjávarmáls, aukinn veðurofsi, skriðuhætta og líkur á flóði frá ám og vötnum)

Mat á loftslagsáhrifum og viðnámsþrotti skipulags(viðnámsþrottur er flott orð). Mjög gott að vísað sé til lögbundinnar stefnumörkunar í rekstri og stuðning umhverfisstofnunar og að þar geti verið samtenging. Samband íslenskra sveitarfélaga með verkfærakistu í smíðum. Hvert verður hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi ráðgjöf um skipulagsgerð?

Mjög þarft að stefnan geri ráð fyrir að Skipulagsstofnun miðli og geri leiðbeiningarefni um loftslagsmiðaða skipulagsgerð.



Varðandi tengingu við lög umhverfismat áætlana 105/2006: Nú gæti liðið einhver tími fram að breytingum á umhverfismati áætlana og reglum um skipulag og alþingiskosningar næsta haust.

Gátt um upplýsingar um losun og bindingu vegna landnotkunar getur líka tekið sinn tíma. Líklegt að lagabreytingar á umhverfismati áætlana og skipulagsgerð geti tekið sinn tíma og nú eru kosningar næsta haust. Gæti stofnun til skemmri tíma sett upp gátlista fyrir sveitarfélög sem eru nú þegar í aðalskipulagsvinnu eða eru með það í start holunum? Fyrir þau sem vilja vera metnaðarfull og t.d. varðandi efnisnotkun og nýtingu bygginga.

Grænir innviðir: athugasemd vegna orðnotkunar. Reykjavíkurborg hefur horft til grænni innviða í aðeins stærri mynd, t.d. hjóla- og göngustigar. Spurning að breyta orðalagi, þetta eru náttúrulegar lausnir / náttúrulegir innviðir. Athugið líka að gott væri að spyrða saman grænum og mannvænum innviðum, að þetta séu svæði sem nýtast almenningi þegar þau verka ekki sem vörn gegn vá.

Dæmi frá New York og Kaupmannahöfn: sjóvarnargarðar og flóðasvæði nýtast sem útivistarsvæði, opin torg og leiksvæði, eru fjölhæf svæði.

Mikilvægt að horft sé einnig til gróðurs í þéttbýli við mat á kolefnisbúskap lands. Einnig að rætt sé um möguleika á matvælaframleiðslu í þéttbýli fyrir almenning og að tekin séu frá svæði til slíks. Mikilvægt að samræma áform um verndun lands fyrir kolefnisbindingu við náttúruvernd eins og hægt er.

Mætti ræða á meiri afgerandi hátt um hvernig auka má bindingu með verndun og ræktun gróðurþekju – sér í lagi votlendis og skóglendis.

Varðandi staðarmótun og landslagsvernd, kafli 6

Helstu viðfangsefnið viðaukans um staðarmótun og landslagsvernd eru almennt að innleiða viðmið um gæði landslags í skipulag og að varðveita verðmætt landslag.

Umfjöllun um landslag og mótun byggðar í landslagi hefur alltaf verið mikilvæg í skipulagi en ekki fyrr en nýlega hafa viðmið og skilgreiningar á flokkun og eðli landslags tekið á sig kerfisbundna mynd og er enn í mótun. Því má segja að þekkingargrunnur fyrir kortlagningu og mat á gildi landslags sé enn skammt á veg kominn og oft skortir forsendur fyrir ákvarðanatöku í skipulagi og um áhrif framkvæmda og skipulags á landslag. Það er því mikil þörf á að móta leiðbeiningar og viðmið og innleiða á skýran hátt í regluverk skipulags og umhverfismats. Það þarf að ná yfir bæði náttúrulegt landslag og menningarlandslag og samspil beggja. Í þéttbýli getur þetta reynst sérstaklega krefjandi vegna mikillar fjölbreytni landslags og ólíkra sjónarhorna. Til dæmis þarf að huga að fjarlægð og nálægð, stórum og smáum skala í því samhengi og tryggja skýra samlegð við viðmið og sjónarmið er tengjast hönnun, sögu bygginga og mannvirkja, náttúruvernd og umhverfisgæðum og fleiri atriðum. Ágætlega er fjallað um þessi atriði í kafla landskipulagsstefnunar og jákvætt að stefnt sé að því að móta leiðbeiningar samhliða því sem meðvitund er um að upplifun á landslagi er alltaf að vissum hluta matskennd og einstaklingsbundin. Hér þarf að vanda til verka því það er vel þekkt að truflun á landslagi t.d. vegna útsýnisskerðingar eða breytingar á ásynnd svæða, eru mjög oft erfið og umdeild úrlausnarefni við uppbyggingu, bæði í dreif- og þéttbýli.

Fjallað er sérstaklega um að huga að varðveislu landslagsgæða og staðareinkenna í tengslum við tilteknar landslagsgerðir í kaflanum, þ.e.a.s. víðerni, skóga og skógræktarsvæði og landbúnaðarland. Lítið er um eiginleg víðerni í landi Reykjavíkur en landbúnaðarland er ríkjandi landslagsgerð á Kjalarnesi



og þá eru skógræktarsvæði ríkuleg t.d. í Heiðmörk, á Austurheiðum og við Mógilsá og stefnt er að frekari skógrækt víðar í borgarlandinu. Þess vegna er jákvætt að í Landslagsstefnunni sé skerpt á því að sveitarfélög marki sér stefnu um skóga og skógrækt og að hugað sé að varðveislu verðmæts landslags og sjónása. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar landrými er nokkuð takmarkað eins og í landi Reykjavíkur og þar sem meiri líkur eru á að skógræktarsvæði séu nýtt til fjölbreytra nota t.d. fyrir útivist. Allar leiðbeiningar um skipulag skógræktarsvæða og landbúnaðarlands eru jákvæðar og horfa þarf til sérstöðu jaðarsvæða nálægt þéttbýli í því sambandi þar sem aðstæður eru líklegar til að vera öðruvísi en í víðáttumiklu dreifbýli. Til dæmis er líklegra að landbúnaðarland á jaðarsvæðum sé í meiri blöndun við aðra landnotkun og að jarðir séu smærri.

Síðasti hluti kaflans um landslag fjallar um mannvirki í landslagi og hönnun umhverfis í þéttbýli þ.e. bæjarrými og gatnakerfi sem og græna innviði. Hér er einnig stefnt að því að móta leiðbeiningar en umfjöllun er fremur stutt og vísað í samlegð við skipulagshugmyndina um 20 mínútna bæinn og um áherslur í 7. kafla um heilsuvæna byggð. Það er mjög eðlilegt og jákvætt að innihald þessa þriggja kafla sé samþætt eins og kostur er, en áhugavert væri að rýna á meiri dýpt þann hluta bæjarhönnunar sem tengist landslagi og hvernig viðmið og reglur um landslag og varðveislu þess eru heimfærð og aðlöguð að umhverfi þéttbýlishönnunar- og skipulags. Þar er óneitanlega um krefjandi verkefni að ræða enda þróun og vöxtur borga eitt mikilvægasta viðfangsefni okkar tíma, þar sem taka þarf tillit til ótal atriða og áskorana er varða samfélag, umhverfi og ólík sjónarmið. Mikilvægi ásýndar og landslags í borgarumhverfinu mun einungis aukast eftir því sem borgir stækka og íbúum þeirra fjölga. Reykjavíkurborg hvetur Skipulagsstofnun til að halda áfram að styrkja stoðir þekkingar um skipulagsgerð borga þ.m.t. um borgarlandsslag og er mjög áhugasöm um frekara samtal um þetta viðfangsefni.

#### Varðandi heilsuvæna byggð og landnotkun, 7. kafli

Fagnað er sérstaklega þeirri stefnumörkun sem kemur fram í kafla um lýðheilsu, „Heilsuvæn byggð og landnotkun“. Þau stefnumið sem þar eru sett fram falla mjög vel að markmiðum gildandi aðalskipulags og þeim nýju áherslum sem koma fram við endurskoðun aðalskipulags, Reykjavík 2040. Viðauki (drög), sbr. einnig önnur stefnumörkun borgarinnar, s.s. varðandi Græna planið, Húsnæðisáætlun og mótun Lýðheilsustefnu.

Í kaflanum um flokkun landgerðra á bls. 38 í viðaukanum þá væri mjög gott að fá leiðbeiningar um landslagsgreiningu, aðstoð við að "lesa landið". Hér þarf t.d. að vera skýrt hvort að skilgreining / litakóðun á landgerð breytist ekki þó að votlendi sé endurheimt, þ.e. grænt svæði er alltaf grænt svæði / opið svæði hvort sem það er skógur, gras, framræst votlendi eða moldarflag. Sem er gríðarlega mismunandi bæði varðandi loftslagsmál en líka nýtingarmöguleikar. Vona að það verði tekið inn í þær leiðbeiningar.

Umfjöllun um almenningsrými og lýðheilsu. Flott að talað sé um náttúru og útivistarsvæði en mætti skerpa á mikilvægi almenningsrýma til samveru og félagslegra samskipta (sem er mikilvæg fyrir geðheilsu) í grennd við þjónustu. Góð almenningsrými hvetja einnig til virkra ferðamáta, göngutúr dagsins getur enda þar, barnafólk með barnavagna, hreyfiskertir o.fl. hafa betra aðgengi og það dregur líka úr losun vegna samgangna. Torg og svæði sem tengja saman ólíka aldurshópa, með verslun og jafnvel þjónustu í kring mætti vera meira áhersluatriði í texta.



Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,

Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags